

SAMÞYKKT

fyrir Veðifélag Síðumannafréttar.

1. gr.

Félagið heitir Veðifélag Síðumannafréttar. Heimili þess og varnarþing er á heimili formanns hverju sinni.

2. gr.

Félagið nær yfir öll stöðuvötn, ár og læki er um Síðumannafrétt falla, en hann afmarkast af Hverfisfljóti að austan, Síðujökli að norðan, Skaftá að vestan og eignarlöndum jarða að sunnan. Þær jarðir er upprekstrarrétt eiga á ofangreindan afrétt og aðild að félaginu eru: Arnardrangur, Ásgarður, Breiðabólsstaður, Efri-Vík, Eystra-Hraun, Eystri-Dalbær, Fagrifoss, Fagurhlíð, Foss I, Foss II, Foss III, Fossar, Geirland, Hamrafoss, Hátún, Heiðarsel I, Heiðarsel II, Heiði, Holt, Hólmur, Hraunból, Hraunkot, Hruni II, Hunkubakkar, Hæðargarður, Hörgsdalur I, Hörgsdalur II, Hörgsland I, Hörgsland II, Hörgslandskot, Keldunúpur, Kirkjubæjarklaustur I, Kirkjubæjarklaustur II, Kirkjubær I, Kirkjubær II, Múlakot, Mörk, Mörtunga I, Mörtunga II, Nýibær, Orustustaðir, Prestsbakki, Prestsbakkakot, Seglbúðir, Skaftárdalur I, Skaftárdalur II, Skaftárdalur III, Skál, Slétta, Sléttaból, Sólheimar, Stuðlafoss, Syðri-Vík, Teygingalækur, Tunga, Ytra-Hraun, Ytri-Dalbær, Þverá, Þykkvibær I, Þykkvibær II, Þykkvibær III.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði til félagsmanna og annarra eftir því sem félags- og aðalfundir félagsins samþykkja.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn og tveir varamenn sem kosnir eru þannig til þriggja ára af öllum félagsmönnum: Formaður og síðan af hvorri upprekstrardeild (þ.e. Austur-Síðudeild annars vegar og Mið- og Landbrottsdeild hins vegar) tveir aðalmenn og einn varamaður. Ganga þeir úr stjórn á víxl þannig að formaður félagsins gengur úr eftir eitt ár, einn úr hvorri deild eftir tvö ár o.s.frv. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn tvö kjörtímabil í röð. Varamenn eru kosnir með formanni félagsins og er kjörtímabil þeirra jafn langt og hans. Tveir skoðunarmenn reikninga eru kosnir til tveggja ára, þannig að annar þeirra gengur úr árlega, fyrst eftir hlutkesti. Skulu þeir vera hvor úr sinni rekstrardeild. Stjórnin velur ritara og gjaldkera úr sínum hópi.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirlit með öllum störfum félagsins. Gjaldkeri hefur umsjón með fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Allar tekjur félagsins skulu renna í einn sjóð. Sjóðurinn skal vera í umsjá gjaldkera félagsins. Arð af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá eða honum skal varið til þeirra verkefna innan afréttardeildanna sem félagsmenn telja nauðsynleg á hverjum tíma, samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Heimilt er að krefja félagsmenn um árgjöld til félagsins, samkvæmt ákvörðun aðalfundar til eins árs í senn.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar viðurlögum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

10. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.